

Minnisblað
Spurningar fulltrúa Samfylkingarinnar í e&v-nefnd

Til undirbúnings fundar, sem ríkisskattstjóri hafði verið boðaður til með efnahags- og viðskiptanefnd 29. 11. 2001, fékk hann, daginn áður, sendar 8 spurningar sem fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni óskuðu eftir að hann svaraði á fundinum. Fara þær hér á eftir ásamt talnalegum upplýsingum og nokkrum efnisatriðum, sem þær snerta, en að öðru leyti er þeim svarað munnlega á fundinum. Frumdrög að minnisblaði þessu voru afhent á fundi nefndarinnar 29. 11. en endanleg gerð þess á fundi hennar mánudaginn 3. desember 2001.

1. Skattar á Íslandi og annars staðar

Helstu rök fyrir skattabreytingunum nú er að verið sé að fylgja þróun hjá öðrum ríkjum og að halda forskoti, sem Ísland hefur haft til þessa. Hver er staða Íslands hvað varðar skattlagningu á félög og einstaklinga og hver hefur þróun í þeim málum verið á síðasta áratug. Sérstaklega er óskað upplýsinga og samanburðar við skattlagningu á Írlandi, sem sérstaklega hefur verið tilgreint sem fyrirmynd.

Frá 1990 hefur skattur á hlutafélög verið lækkaður úr 45% í 30% en á sama tíma hafa ýmsir frádrættir verið felldir niður og skattstofninn breikkaður. Svipuð þróun hefur verið í gangi í ýmsum öðrum Evrópuríkjum þótt lækkan hlutfalla hafi verið minni. Erfitt er að bera saman slíkar breytingar og skatthlutföllin ein þar sem ýmis önnur atriði skipta máli.

• Skattar á einstaklinga og félög í OECD

Tekjuskattar sem hlutfall af landsframleiðslu

Tekjuskattar	Einstaklingar		Félög	
	1990	1999	1990	1999
Land				
DENMARK	24.8	25.5	1.5	3.0
FINLAND	17.2	14.8	2.1	4.2
GERMANY	9.0	9.4	1.6	1.8
ICELAND	8.2	12.7	0.9	1.5
IRELAND	10.7	9.7	1.7	3.9
LUXEMBOURG	9.5	7.8	6.4	7.3
NORWAY	10.9	11.7	3.8	3.2
SWEDEN	20.6	18.6	1.7	3.2
UNITED KINGDOM	10.0	10.5	4.2	3.8
OECD EUROPE	10.6	10.0	2.5	3.2

• Írland og skattar

Skattur á félög á Írlandi er nú (2001) skattlagðar með þeim hætti að tekjur rekstri (framleiðslu og sölu) eru skattlagðar með 20% skatti (12,5% ef tekjur eru undir 200.000 pundum). Frá 2003 verða þessar tekjur allar skattlagðar með 12,5%. Aðrar tekjur (fjármagnstekjur o.fl.) eru skattlagðar með 25% og verður engin breyting þar á 2003.

Skattur á tekjur einstaklinga á Írlandi er í tveimur þrepum. Hið lægra er 20% og hið hærra er 42%. Söluhagnaður er skattlagður með 20% en aðrar fjármagnstekjur eru lagðar saman við almennar tekjur og því eftir atvikum skattlagðar með 20% eða 42% hjá einstaklingum.

Eftirfarandi tafla sýnir skattlagningu á tekjum frá atvinnurekstri á Írlandi og á Íslandi miðað við 2001 og 2003 skv. frumvarpi. Í fyrsta talnadálki töflunnar er skatthlutfall hlutafélaga, í næstu tveimur skatthlutföll fyrir arð og söluhagnað í hendi hluthafa og að lokum tveir dálkars, sem sýna heildarskattinn, þ.e. bæði það sem félagið og hluthafinn greiddi.

2001

	Hlutafélag	Heildarskattar			
		Hluthafi lægri %*	Hluthafi hærri %*	Hluthafi lægri %*	Hluthafi hærri %*
Írland					
Rekstrartekjur	20,0%	20,0%	42,0%	36,0%	53,6%
Fjármagnstekjur	25,0%	20,0%	42,0%	40,0%	56,5%
Ísland	30,0%	10,0%	10,0%	37,0%	37,0%

2003

	Hlutafélag	Heildarskattar			
		Hluthafi lægri %*	Hluthafi hærri %*	Hluthafi lægri %*	Hluthafi hærri %*
Írland					
Rekstrartekjur	12,5%	20,0%	42,0%	30,0%	49,3%
Fjármagnstekjur	25,0%	20,0%	42,0%	40,0%	56,5%
Ísland	18,0%	10,0%	10,0%	26,2%	26,2%

Skatthlutfall einstaklinga á Írlandi er 20% ef tekjur einhleypings eru lægri en tæp 15 þús. pund og hjóna undir tæpl. 30 þús pund en 42 % ef tekjur eru hærri.

2. Fullyrt hefur verið að lækkun skatthlutfalla hér á landi og erlendis hafi jafnan leitt til aukinna tekna en ekki öfugt. Bent hefur verið á skatta á félög hér á landi á tíunda áratug síðustu aldar og lækkun fjármagnstekjuskatts. Hvert er mat ríkisskattstjóra á áhrifum á lækkun skatta og skatttekjum.
3. Skattalækkunarir og áhrif þeirra á skattgreiðslur og skattbyrði
 1. Einstaklinga og félaga
 - Hver er líkleg þróun í tekjusköttum einstaklinga vegna þessa og næsta árs
Við álagningu á þessu ári var almennur tekjuskattur og útsvar samtals um 95,5 mrd. kr. og skattstofninn um 393,7 mrd. kr. Meðalskatthlutfallið var því um 24,2%. Samkvæmt staðgreiðsluskilum má ætla að launatekjur og skattstofn vegna tekjuársins 2001 verði um 430 mrd. kr. eða 10% hærri en hann var á síðasta ári þegar hann var um 393 mrd. kr. Sé gert ráð fyrir að persónuafsláttur hækki eins og nú er gert ráð fyrir í lögum má reikna með að tekjuskattur og útsvar hækki um 13 % að óbreyttum skatthlutföllum og verði þá 108 mrd. kr. Lækkun skatthlutfallsins er talin svara til um 1,3 mrd. kr. og skatttekjurnar yrðu þá um 106,5 mrd. kr. og meðalskatthlutfallið þá um 24,8%.

- Hver hefur þessi þróun verið samanborið við önnur lönd
Visað er til töflu með spurningu 1. Á síðasta áratug hefur tekjuskattur einstaklinga sem hlutfall af þjóðarframleiðslu vaxið úr rúmlega 8% í tæplega 13%. Hjá öðrum ríkjum OECD hefur breyting þessi verið lítil og er hlutfallið hjá öðrum OECD-ríkjum í Evrópu um 10%. Tekjuskattar á lögaðila hafa einnig vaxið úr tæplega 1% í um 1,5% en þeir eru að meðaltali um 3,2% í öðrum OECD-ríkjum í Evrópu.

2. Launatekna og fjármagnstekna
3. Hvaða félög lækka og hver hækka
4. Breyting eftir byggðarlögum
 - Á skattgreiðslum félaga
 - Á skattgreiðslum til ríkisins í heild
 - Hvaða atvinnugreinar hagnast aðallega á skattalækkunartillögum

4. Skattalækkunar og áhrif þeirra á skattektur ríkis og sveitarfélaga

1. Skattalækkunar ríkissjóðs

- Tekjutapið, mismunandi mat, (hvert er það ef skattabr. ná líka til ÍSAL)
Í töflu 1.a sem fylgdi umsögn ríkisskattstjóra til nefndarinnar var gerð grein fyrir hvaða áhrif breytt álagningarhlutföll hefðu haft á álagningu gjalda 2001 hefðu þau þá verið komin til framkvæmda. Í þeim tölum eru skattgreiðslur ÍSAL ekki meðtaldar þar sem opinber gjöld félagsins eru í formi framleiðslugjalds sem ekki er lagt á af skattstjóra þótt þau séu reiknið sem hlutfall af tekjuskattsstofni (33%). Nú er óskað eftir að fá upplýst hvaða áhrif það hafi á áður gefnar upplýsingar ef tekið er tillit til skattgreiðslna ÍSAL og reiknað með að það fái sömu lækkun og önnur félög en ÍSAL á samkvæmt samningi rétt á að velja skattlagningu skv. almennum reglum frá árinu 2005. Skv. upplýsingum frá ÍSAL, sbr. frétt Mbl. 1. júní 2001 var hagnaður félagsins fyrir skatta um 4,5 mrd. kr. og skattgreiðslur þess um 1,4 mrd. kr. Sé miðað við þetta og að lækkun tekjuskatta á félög skv. frumvarpinu er 40% (30% skattur í 18% skatt) má ætlað að sambærileg lækkun skatta hjá ÍSAL hefði orðið 560 m.kr. Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður töflu 1.a að teknu tilliti til þeirra breytinga.

Rekstrarform	Skattbreytingar m.kr.				Heildarbreyting skatta
	Fjöldi félaga	Eignarskattar	Tekjuskattur	Tryggingagjald	
Reykjavík	11.502	-861	-2.504	1.728	-1.637
Reykjanes	4.540	-259	-1.266	493	-1.032
vesturland	1.360	-59	-62	118	-4
Vestfirðir	816	-21	-54	64	-12
Norðurland-vestra	725	-37	-44	78	-2
Norðurland-eystra	1.733	-55	-139	201	6
Austurland	985	-17	-40	89	33
Suðurland	1.827	-74	-131	92	-114
Vestmannaeyjar	314	-12	-11	43	19
Lögaðilar samtals	23.802	-1.396	-4.253	2.907	-2.742

- Áhrif á efnahagssumsvif, (kemur síðar)
2. Tekjur og útgjöld sveitarfélaga
 - Heildaráhrif
 - Mismunur milli sveitarfélaga

5. Áhrif skattalækkana á skatta og efnahagslífið

Því er haldið fram að lækkun skatta á félög muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið þær muni leiða til aukinna fjárfestinga og umsvifa erlendra sem innlendra aðila. Þær fullyrðingar hafa ekki verið studdar rökum.

1. Áhrif á efnahagssumsvif

Áhrif skatta á efnahagssumsvif eru flókið mál og engar einhlitar eða almennt viðurkenndar kenningar í því efni virðast vera fyrir hendi. Um þrjú meginsjónarmið virðist þó vera nokkur sátt meðal fræðimanna.

- Almennt er talið að heildarskattbyrði að öðru jöfnu kunni að hafa letjandi áhrif á hagkerfið einkum vegna þess að hún dragi ú hvata til vinnu, fjárfestingar o.s.fr. Samband þetta er þó hvergi nærri einhlitt og hefur t.d. verið bent á að skattbyrðin hefur löngum verið hvað hæst í ríkjum, sem eru ofarlega á hagsældarskalanum.
- Til lengri tíma litið er talið mikilvægast að skattkerfið sé sem hlutlausast og hafi sem minnst áhrif á ákvarðanir einstaklinga um fjárfestingar, neyslu o.s.fr.
- Til skamms tíma litið er talið að unnt sé að beita sköttum til að örva eða letja atvinnulífið með því að hafa áhrif á eftirspurn og framboð. Að því þurfi að gæta að slíkar ráðstafanir geta rekist á langtímasjónarmiðin.

2. Áhrif á erlendar fjárfestingar

Áhrif skatta á erlendar fjárfestingar ráðast ekki eingöngu af íslensku lögum heldur einnig af þeim ákvæðum, sem við eiga í heimaríki fjárfestisins og reglum í alþjóðaskattlagningu svo sem tvísköttunarsamningum. Flest ríki á Vesturlöndum hafa sömu grunnreglu varðandi skattskyldu, þ.e. að þegnarnir eru skattlagðir á grundvelli allra tekna þeirra hvar svo sem þeirra er afli. Ennfremur áskilja þau sér rétt til að skattleggja allar tekjur sem uppruna eiga í landinu óháð því hver er eigandi þeirra. Þetta þýðir að tekjur sem erlendir aðilar afli hér á landi eru skattskyldar í heimalandi fjárfestisins. Flest ríki taka í löggjöf sinni eða á grundvelli samninga tillit til skatta sem viðkomandi skattaðili greiddi í því landi sem tekjurnar eru upprunnar í. Áhrifin á arðsemi fjárfestingarinnar ræðst m.a. af því hvernig það er gert. Í sumum tilvikum, t.d. USA og Írland, er það gert með því að veita skattafrádrátt sem svarar til þess skatts sem greiddur var í upprunalandinu. Í þeim tilvikum hefur skattalækkun í upprunalandinu engin áhrif á fjárfestinn. Í öðrum tilvikum eru arðgreiðslur til móðurfélags undanþegar skatti og áhrifin ráðast þá af þeim skatthlutföllum, sem í löndunum gilda. Lækkun skatta á lögaðila hefur því þegar um er að ræða erlendan eiganda tvíþætt áhrif. Hluti lækkunarinnar skilar sér í auknum skatttekjum hjá heimalandi fjárfestisins og hluti hjá fjárfestinum sjálfum.

6. Skaðleg skattasamkeppni og lækkun skatta á félög

Skaðleg skattasamkeppni hefur verið mikið til umfjöllunar á alþjóðavettvangi á síðustu misserum. M.a. er talið að lög um alþjóðleg viðskiptafélög standist ekki þær kröfur sem gerðar eru á þessum vettvangi og að íslensk stjórnvöld verði knúin til að fella þau úr gildi. Getur verið að hið lága skatthlutfall á félög verði talið fela í sér skaðlega skattasamkeppni og er líklegt að erlend ríki bregðist við því með einhverjum hætti.

Að mat ríkisskattstjóra fela þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir ekki í sér skaðlega skattasamkeppni eins og hún hefur verið skilgreind í starfi OECD og ESB á þeim vettvangi. Er ekki um að ræða svo lágt skatthlutfall að um slíkt gæti verið að ræða auk þess sem að enginn höft eru á upplýsingamiðlun og aðgengi að skattareglum er ekki takmarkað.

Ekki verður talið líklegt að önnur ríki bregðist við með sérstökum hætti umframbær reglur sem innbyggðar eru í skattareglur þeirra. Í fyrsta lagi er þar um að ræða ríki eins og

USA, sem ekki undanþiggja tekjur erlendar dótturfélaga skattlagningu heima fyrir en veita frádrátt frá greiddum skatti sem nemur þeim skatti sem dótturfélagið greiddi í upprunalandi teknanna. Lækkun skatta á félög í upprunalandinu hafa því engin áhrif á heildarskattgreiðslur félaganna (móður- og dótturfélags) en færa skatttekjurnar frá upprunaríkinu til þess ríkis þar sem eigandinn hefur heimilisfesti og hefur það því ekki tilefni til gagnráðstafana. Í öðru lagi eru ríki, sem hafa svokallaða CFC-löggjöf, sem gerir það að verkum að þau geta skattlagt hagnað dótturfélaga, sem starfa á lágskattasvæðum með tekjum móðurfélagsins heima fyrir. Slikum reglum er fyrst og fremst beint gagnvart fjármálafélögum, sem ekki eru með neina raunverulega starfsemi í því ríki sem þau eur skrá í. Þau ríki sem engar sérreglur hafa munu eins og þau fyrrnefndu einnig hagnast á breytingunni hér þar sem stærri hluti hagnaðarins en áður kemur til skattlagningar hjá því.

7. Fjármagnstekjuskattur og fjárflótti

Því er haldið fram að hækkun fjármagnstekjuskatts muni leiða til fjárflóttu úr landi og tekjutaps af þeim sökum. Hver eru rökin fyrir slíkum fullyrðingum?

- eru skattar á fjármagnstekjur annars staðar lægri?
 - Losna menn eða félög undan skattlagningu hér ef þeir geyma fé sitt annars staðar?
- Varðand hættu á því að breyting á fjármagnstekjuskatti muni hafa í för með sér fjárflóttu úr landi af skattalegum ástæðumskal bent á eftirfarandi:

Fjármagnstekjur íslenskra skattborgara eru skattskyldar hér á landi með sama hætti hvort sem þær eru upprunnar hér eða erlendi. Til að koma þeim undan skatti nægir því ekki að flytja féð úr landi heldur þarf einnig að leynd því og tekjum af því fyrir skattfyrirvöldum hér og skattfyrirvöldum viðkomandi lands sem oft eru skuldbundin til að veita íslenskum skattfyrirvöldum upplýsingar. Tilfærsla á fé er því ekki nægileg heldur þarf skattsvik til viðbótar.

Skattar á fjármagnstekjur eru í flestum löndum verulega hærri en hér á landi. Það hefur í þeim löndum ekki leitt til fjárflóttu úr þeim í þeim mæli að það hafi verið talið tilefni til að lækka þá skatta. Það þýðir enn fremur að þótt flutningur á fé til þessara landa án áfrumhaldandi skattskyldu hér hefði það ekki skattalegt hagræði í för með sér.

Til að meta líkurnar á fjárflutningum úr landi þarf að hafa í huga hvernig fjármagnstekjur hér eru samsettar og hversu líklegt er að þær verði fluttar. Um 40% fjármagnstekna eru vaxtatekjur af innistæðum í íslenskum bönkum, önnur 40% eru söluhagnaður af hlutabréfum í íslenskum félögum og um 20% eru arður af hlutabréfum í íslenskum félögum.

- Hvor leiðin er vænlegri almennt fyrir fyrirtækin hækkun tryggingagjalds eins og ríkisstjórnin áformar eða hækkun á fjármagnstekjuskatti sem skilaði svipuðum tekjum. Ekki er auðvelt að bera saman áhrifin af þessum sköttum á fyrirtæki þar sem þeir eru svo ólíkir. Tryggingagjald er skattur sem leggst á launaútgjöld fyrirtækja og hefur áhrif á hagkvæmni rekstrarins og rekstarafkomu fyrirtækjanna. Til lengri tíma litið ráðast áhrifin af því að hve mikli leyti hækkuninni er velt yfir á launþegana með því að laun lækki eða hækki minna en ella sem hækkun gjaldsins nemur. Að því leyti sem skattinum er ekki velt yfir á launþegana breytir skatturinn jafnvægi milli vinnuafls og fjármagns með því að vinnuafli verður dýrara. Fjármagnstekjuskattur er hins vegar ekki skattur á atvinnurekstur og breytir ekki skilyrðum hans.

8. Skattfrankvæmd m.t.t. mismunandi skattlagningar á tekjum eftir uppruna þeirra

• Vandamálið?

Vandamálið við skattfrankvæmd er að mismunandi skattlagning eftir tegundum tekna kallar á tilfærslu tekna í þau form, sem hafa hagstæðari skattlagningu. Miðað við ákvæði frumvarpsins verða:

- launatekjur ofan skattleysismarka skattlagðar með 38% til 45% skatti og mynda stofn til tryggingagjalds og skerðingar á barnabótum og vaxtabótum
- hagnaður af sjálfstæðri starfsemi einstaklinga verður skattlagður með sama hætti en er ekki stofn til tryggingagjalds en er stofn til skerðingar á barnabótum og vaxtabótum
- hagnaður af rekstri sameignarfélaga verður skattlagður með 26% en myndar hvorki stofn til tryggingargjalds né skerðar á bótum
- hagnaður af rekstri sameignarfélaga verður skattlagður með 26% en myndar hvorki stofn til tryggingargjalds né skerðar á bótum
- hagnaður af rekstri hlutafélaga verður skattlagður með rúmlega 26% en myndar hvorki stofn til tryggingargjalds né skerðar á bótum

Ekki getur farið hjá því að tilhneiging til að færa tekjur sem hagnað félags mun stórukast enda getur mumur í skattlagningu orðið um 20% auk hærri bóta.

• Áhrifin?

Bein tekjuáhrif af því að færa tekjur sem hagnað félaga eru þau helst:

- Tekjuskattar ríkisins lækka að því marki sem einstaklingsrekstur er færður í félagsform um 12-19% af rekstrahagnaðinum og 15-22% af reiknuðu endurgjaldi að því leyti sem það kemur ekki fram sem laun hjá félaginu.
- Útsvar sveitarfélaga lækkar um ca 12% (útsvarshlutfallið) af rekstrarhagnaðinum og reiknuðu endurgjaldi að því leyti sem það kemur ekki fram sem laun hjá félaginu.
- Vaxtabætur og barnabætur hækka sem svarar skerðingaráhrifum af rekstrahagnaði og reiknuðu endurgjaldi að því leyti sem það kemur ekki fram sem laun hjá félaginu.

Auk þessara beinu áhrifa á tekjur ríkis og sveitarfélaga má gera ráð fyrir öðrum ráðstöfumum, sem auka kunna á tekjutapið og valda örðugleikum í frankvæmd. Má þar m.a. nefna:

- Aukin gerviverktaka og þá einnig í formi sameignarfélaga og einkahlutafélaga.
- Aukin gjaldfærsla einkaneyslu hjá félögum og erfiðari viðbrögð skattyfirvalda.

• Mögulegar úrbætur?

Eina raunhæfa úrbótin til lengri tíma litið er að afnema mismun á skattlagningu einstaklinga eftir því hvernig tekjur þeirra eru til komnar. Það má t.d. gera með því að hafa skattlagningu á einstaklinga og sameignarfélög hina sömu og stilla skattlagningu hlutafélaga og fjármagnstekjuskatt þannig af að heildarskattlagning slíkra tekna sé hin sama og almennra tekna. Meðal ráðstafana, sem að auki gætu dregið úr mismuninum og tilhneigingu til að flytja til tekjur má nefna:

- Að allar tekjur, þ.m.t. fjármagnstekjur séu gerðar að andlagi sérstaka tekjuskattsins.
- Að rekstrahagnaður sameignarfélaga sé gerður að andlagi sérstaka tekjuskattsins og látiinn skerða bætur eins og aðrar tekjur.

• Reiknað endurgjald, leysa bættar reglur málið?

Reglur um reiknað endurgjald eru tilraun til að draga úr tilfærslum úr launum í rekstrahagnað. Bættar reglur um þær eru mikils virði en munu aldrei leysa úr vandamálinu. Eðli máls samkvæmt verða slíkar matsreglur ætíð lágmark þannig að einhver hluti launa mun færast yfir í rekstrarhagnað. Auk þess eru slíkar reglur erfiðar í frankvæmd og munu kosta mikið. Fjöldi einstaklinga í rekstri er yfir 25.000 og

einkahlutafélög og sameignarfélög eru yfir 10.000. Búast má við að álag á skattstofur og yfirskattanefnd aukist stórlega og verður óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því í fjárveitingum þegar á næsta ári.

Hluti af þeim fyrirsjáanlegu tekjutilflutningi sem bent hefur verið á er þess eðlis að reglur um reiknað endurgjald eða aðrar aðgerðir skattfyrvalda hafa ekkert að segja. Breyting á einkarekstri í sameignarfélag eða einkahlutafélag er eingöngu háð ákvörðun viðkomandi aðila og hafa skattfyrvöld ekkert um slíka formbreytingu að segja. Tilfærsla á tekjum úr hagnaði af einkarekstri í hagnað félags er því alveg óháð reglum um reiknað endurgjald og þær því engin vörn gagnvart tekjutapi sveitarfélaga og ríkis af þeim ástæðum.

- Þekktist annarsstaðar 22-23% munur á skattlagningu einstaklinga og félaga, hver er algengur munur?

Yfirleitt er munur á skattlagningu launatekna og heildarskattlagningu tekna af atvinnurekstri öfugur við það sem stefnt er að í frumvarpinu þ.e. skattur á hagnað af rekstri er hærra en skatur á launatekjur. Í flestum löndum eru sameignarfélög ekká sjálfstæðir skattaóilar en hagnaður þeirra skattlagður með öðrum tekjum viðkomandi einstaklinga. Arður og söluhagnaður er í flestum löndum skattlagður eins og launatekjur eða sérskattaðar með 20 til 25% til viðbótar við 25 til 35% skatt á félagið þannig að heildarskattlagningin er 40 til 50%, sem er svipað eða herra en hæsta skattþrep einstaklinga í flestum löndum.

Hækkun tryggingagjalds sveitarfélaga

(í þúsundum króna)

Heiti sveitarfélags	Fjöldi félaga í eigu sveitarfélaga	Tryggingagjaldsstofn	Tryggingagjald	Hækkun 0,77%
Reykjavík				
Reykjavík	44	23.367.369	1.222.113	179.929
Samtals:	44	23.367.369	1.222.113	179.929
Reykjanes				
Garðabær	5	992.896	51.928	7.645
Hafnarfjörður	11	2.649.311	138.559	20.400
Kópavogur	8	2.175.460	113.777	16.751
Reykjanesbær	13	1.299.865	67.983	10.009
Önnur sveitarfélög	19	2.263.847	118.399	17.432
Samtals:	56	9.381.380	490.646	72.237
Vesturland				
Akranes	7	1.406.611	73.566	10.831
Borgarbyggð	15	356.116	18.625	2.742
Önnur sveitarfélög	61	951.720	49.775	7.328
Samtals:	83	2.714.447	141.965	20.901
Vestfirðir				
Ísafjarðarbær	5	633.956	33.156	4.881
Önnur sveitarfélög	31	599.192	31.338	4.614
Samtals:	36	1.233.148	64.494	9.495
Norðurland vestra				
Sveitarfélagið Skagafjörður	13	671.140	35.101	5.168
Önnur sveitarfélög	30	800.599	41.871	6.165
Samtals:	43	1.471.739	76.972	11.332
Norðurland eystra				
Akureyri	13	4.336.763	226.813	33.393
Dalvíkurbyggð	4	338.209	17.688	2.604
Húsavík	6	479.174	25.061	3.690
Önnur sveitarfélög	39	1.050.859	54.960	8.092
Samtals:	62	6.205.006	324.522	47.779
Austurland				
Fjarðabyggð	25	564.318	29.514	4.345
Sveitarfélagið Hornafjörður	12	469.880	24.575	3.618
Samtals:	83	2.015.230	105.396	15.517
Suðurland				
Árborg	28	810.237	42.375	6.239
Önnur sveitarfélög	100	1.466.166	76.680	11.289
Samtals:	128	2.276.403	119.056	17.528
Vestmannaeyjar				
Vestmannaeyjar	5	764.532	39.985	5.887
Samtals:	5	764.532	39.985	5.887
Landið allt	540	49.429.254	2.585.149	380.605

Húsaleigubætur greiddar af sveitarfélögum árið 2000

Heiti sveitarfélags	Húsaleigubætur
Reykjavík	
Reykjavík	373.881.428
Samtals:	373.881.428
Reykjanes	
Kópavogur	10.038.425
Hafnarfjörður	33.543.078
Reykjanesbær	19.953.043
Garðabær	3.405.985
Önnur sveitarfélög	10.874.984
Samtals:	77.815.515
Vesturland	
Akranes	8.048.375
Borgarbyggð	4.803.438
Önnur sveitarfélög	6.283.992
Samtals:	19.135.805
Vestfirðir	
Ísafjarðarbær	10.307.418
Önnur sveitarfélög	4.975.412
Samtals:	15.282.830
Norðurland vestra	
Sveitarfélagið Skagafjörður	7.187.141
Önnur sveitarfélög	13.589.595
Samtals:	20.776.736
Norðurland eystra	
Akureyri	45.722.032
Húsavík	8.524.851
Dalvíkurbyggð	7.750.741
Önnur sveitarfélög	3.382.010
Samtals:	65.379.634
Austurland	
Fjarðabyggð	0
Sveitarfélagið Hornafjörður	5.566.533
Önnur sveitarfélög	16.936.568
Samtals:	22.503.101
Suðurland	
Árborg	12.827.526
Önnur sveitarfélög	11.404.825
Vestmannaeyjar	
Vestmannaeyjar	11.050.143
Samtals:	11.050.143
Landið allt	630.057.543